

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 12. maí 2021
Mnr. 2021050049



ÍSAFJARÐARBÆR

Lánsúmsókn Ísafjarðarhafnir - minnisblað

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021, sem samþykkt var á 467. fundi bæjarstjórnar, þann 17. desember 2020, var ákveðið að lántaka Hafnarsjóðs/Ísafjarðarhafna á árinu 2021, yrdi kr. 273.000.000, vegna uppbyggingar hafnar að Sundabakka í Skutulsfirði.

Með tölvupósti þann 12. maí 2021 lýsti bæjarritari yfir vilja á að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna ofangreinds.

Beiðni Ísafjarðarbæjar verður tekin fyrir á fundi stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga þann 26. maí 2021, en fyrir fundinn þarf að liggja fyrir samþykki bæjarstjórnar um að samþykkja að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Ísafjarðarhafna hjá Lánasjóði sveitarfélaga, að fjárhæð kr. 273.000.000 til 13 ára, með föstum verðtryggðum 1,12% vöxtum, láns í lánaflokknum LSS34.

Auk þess er lagt til við bæjarstjórn að ábyrgð þessi sé veitt í samræmi við heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og að bæjarstjórn veiti Lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til greiðslu höfuðstóls láns þessa, ásamt vöxtum og verðbótum auk hvers kyns innheimtukostnaðar.

Lánið er tekið til að fjármagna uppbyggingu á höfn að Sundabakka í Skutulsfirði, en um 670 milljón króna framkvæmd er að ræða, ríkisstyrkt um 60%, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Ísafjarðarhafna til að selja ekki eignarhlut sinn til einkaaðila, í heild eða að hluta, fram til þess tíma að lán þetta er að fullu greitt. Fari svo að Ísafjarðarbæjar selji eignarhlut í Ísafjarðarhöfnum til annarra opinberra aðila, skuldbindur Ísafjarðarbær sig til þess að tryggja að samhliða yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Þá er lagt til við bæjarstjórn að Birgi Gunnarssyni, bæjarstjóra, kt. 050263-5419, verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ísafjarðarbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.